

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
sent á: postur@dmr.is

Reykjavík, 18. desember 2020

Áform um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Vísað er til máls nr. 264/2020 sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda þann 10.12.2020. Fyrirhugað er að uppfæra ákveðin ákvæði laga nr. 140/2018 vegna nýrra tilmæla FATF varðandi sýndareignir. Samhliða þeim breytingum er fyrirhugað að fara yfir ábendingar og athugasemdir sem borist hafa vegna reynslu af framkvæmd laganna og kanna hvort tilefni sé til þess að gera frekari breytingar á lögum nr. 140/2018 heldur en aðeins þær sem varða sýndarfé.

Landssamtök lífeyrissjóða (hér eftir „LL“) vilja af þessu tilefni koma á framfæri ábendingum er varða framkvæmd á ákvæðum laganna eins og þau snúa að lífeyrissjóðum sem geta að mati samtakanna gefið tilefni til þess að könnuð verði uppfærsla ákvæðum laga nr. 140/2018.

Eins og kunnugt er þá er í gildi hér á landi skyldubundið samtryggingarkerfi á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Samkvæmt því á launafólk og þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur frá 16 til 70 ára aldurs að greiða iðgjald í lífeyrissjóð sem nemur að lágmarki 12% af heildarlaunum sem skiptist almennt á milli launafólks og launagreiðenda. Atvinnurekanda er skylt, bæði á grundvelli laga og kjarasamninga, að greiða iðgjöld sem þessu nemur til viðeigandi lífeyrissjóða sem skylt er að taka við iðgjaldagreiðslunum og skapa með þeim réttindi fyrir sjóðfélagann.

Þessu til viðbótar bjóða lífeyrissjóðir upp á valfrjálsan viðbótarlífeyrissparnað. Launafólk og sjálfstætt starfandi geta greitt 4% af heildarlaunum sínum í viðbótarlífeyrissparnað. Í flestum kjarasamningum er ákvæði um að launagreiðendur greiði 2% af launum starfsfólks síns sem mótframlag við viðbótarlífeyrissparnað þeirra.

Fjallað er um lífeyriskerfi að hluta í tilskipun 2015/849/EB (fjórða peningabættistilskipunin) og leiðbeiningum FATF sem fjalla um líftryggingar og er íslenska kerfið dæmi um kerfi þar sem áhætta af peningabætti telst vera lítil¹:

- Launagreiðandi greiðir iðgjöld fyrir hönd sjóðfélaga sem hlutfall af launum hans. Þessi iðgjöld eru auk þess tilkynnt til skattfirvalda.

¹ Sjá t.d. ANNEX II við tilskipun 2015/849/EB og 65. málsgrein á bls. 26 í leiðbeiningum FATF um líftryggingamarkaðinn (FATF Guidance for a risk-based approach – Life insurance sector).

- Réttur til greiðslu skapast aðeins við tiltekin skilgreind atvik (eftirlaunaaldri náð eða áföll verða).
- Ekki er heimild fyrir sjóðfélaga til þess að innleysa réttindin gegn greiðslu og ekki er hægt að nota þau sem andlag veðsetningar.
- Ekki er heimilt að framselja réttindin til annarra nema við tiltekin skilgreind atvik (s.s. gagnkvæm skipting réttinda milli maka eða arfsréttur við fráfall þegar um séreign er að ræða).

Lífeyrissjóðir komast því að jafnaði að þeirri niðurstöðu í áhættumati sínu að áhætta tengd peningabætti er snýr að lífeyrisréttindum telst vera lítil og réttlætandi að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun á sjóðfélaganum (þ.e. viðskiptamanninum). Þar sem réttindin eru í reynd bundin hjá viðkomandi lífeyrissjóði þar til þau eru greidd út þá fer auðkenning á viðskiptamönnum (sjóðfélögum) í síðasta lagi fram við útgreiðslu réttinda. Einnig má geta þess að fleiri en sjóðfélagi geta átt réttindi í lífeyrissjóði á grundvelli hans réttinda, s.s. maki eða börn við fráfall sjóðfélaga. Oft er þannig ekki ljóst fyrir en síðar hverjir endanlegir rétthafar eru.

Ákvæði laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hafa að geyma ýmis ákvæði sem snúa að áhættu- og söfnunarlíftryggingum vegna sérstaks eðlis þeirra. Að mati LL eiga sambærileg sjónarmið við varðandi lífeyrissjóði og mætti huga að endurskoðun ákvæða laga nr. 140/2018 í þessu ljósi, auk annarra atriða. Hér mætti einkum líta til:


- 10. gr. laga nr. 140/2018 um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Að mati LL mætti taka fram í lagatextanum að heimilt sé að framkvæma áreiðanleikakönnun eigi síðar en við útgreiðslu réttinda hvað varðar lífeyrisréttindi á grundvelli laga nr. 129/1997. Í þessu samhengi mætti einnig sjá fyrir sér nánari skilgreiningu í lögnum sjálfum (eða ítarlegra heimildarákvæði varðandi setningu reglugerðar) á einfaldaðri áreiðanleikakönnun og að hún geti m.a. falið í sér frestun á áreiðanleikakönnun þar til við útgreiðslu lífeyrisréttinda.
- Hnykkja mætti á því í löggjöf (s.s. með ítarlegra heimildarákvæði varðandi setningu reglugerðar) að auðkenning viðskiptavinar getur í stað öflunar skilríkja m.a. falist í því að lífeyrisréttindi séu greidd inn á bankareikning á nafni sjóðfélaga í banka innan Evrópska efnahagssvæðisins í þeim tilfellum sem áhætta tengd peningabætti er metin lítil. Byggir þetta á gr. 194 í leiðbeiningum evrópskra eftirlitsaðila um áreiðanleikakönnun og áhættubætti, sem vísar til sambærilegra aðstæðna í tilfelli líftryggienda².
- 17. gr. laga nr. 140/2018 um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla. Tiltekin sérákvæði gilda um váttryggða og rétthafa áhættu- og söfnunarlíftrygginga sem eiga að sama skapi við um sjóðfélaga í lífeyrissjóði. Lífeyrissjóður er t.d. ekki í aðstöðu til

² Heiti leiðbeininganna á ensku: „Joint Guidelines under Articles 17 and 18(4) of Directive (EU) 2015/849 on simplified and enhanced customer due diligence and the factors credit and financial institutions should consider when assessing the money laundering and terrorist financing risk associated with individual business relationships and occasional transactions“.

þess að hafna sjóðfélaga um greiðslu iðgjalda sem eru á skyldubundnum grunni og ekki að sjá að aðstæða sé til samþykkis yfirstjórnar til þess að taka við iðgjöldum slíkra sjóðfélaga. Einnig mætti velta fyrir sér hvort þörf sé á slíkum ákvæðum hvað varðar sjóðfélaga í lífeyrissjóðum á Íslandi vegna eðlis réttindanna. Það þarf ekki endilega að vekja sérstakar grunsemdir eða kalla á aukið eftirlit á grundvelli áhættu ef maki eða barn Alþingismanns eða fyrrverandi Alþingismanns, sem dæmi, hefur greiðslur í lífeyrissjóð á Íslandi með tilliti til eðlis kerfisins og réttindanna.

- Í því skyni að auðvelda tilkynningarskyldum aðilum eftirlit með innlendum einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla mætti sjá fyrir sér að Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (eða öðrum opinberum aðila) yrði falið í lögum eða reglugerð að halda utan um lista yfir slíka aðila og aðila tengda þeim. Slíkt fyrirkomulag tíðkast meðal annars í Danmörku.

Tilgangur framangreindra tillagna er að tekið verði tillit til eðlis starfsemi lífeyrissjóða og kannaðar leiðir til endurskoðunar gildandi reglna sem snúa að því án þess þó að vegið sé með nokkrum hætti að markmiði og tilgangi laganna. Ákveðnar reglur gilda þannig m.a. um áhættu- og söfnunarlíftryggingar í gildandi reglum sem eiga að sama skapi jafnvel við um réttindi í lífeyrissjóði. LL veita fúslega frekari upplýsingar um erindið ef eftir því er leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða,

Þórey S. Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri